

innar, þannig að reiknað er með 7-8% nætúrumferð á stofnbrautum og tengibrautum, en um 4-5% nætúrumferð á safngötum og húsagötum. (Nætúrumferð hérlendis telst vera milli kl. 00.00 og 07.00.)

Þessi forsenda um tímadreifingu umferðarinnar gefur um 7-8 dB(A) minni umferðarhávaða að næturlagi en að degi til á stofnbrautum og tengibrautum, en um 9-10 dB(A) á safn- og húsagötum. Ef veruleg frávik eru á tímadreifingu umferðarinnar miðað við þessar forsendur, skulu viðmiðunargildin fyrir umferðarhávaðann breytast í samræmi við það.

### Viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir umferðarhávaða, jafngildishljóðstig í dB(A) fyrir sólarhring. (Leiðbeiningargildi eru innan sviga.).

Viðmiðunargildin „innanhúss“ í töflunni miðast við lokaða glugga. Viðmiðunargildin utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga í töflunni eru frísviðsgildi, annaðhvort mæld beint án áhrifa frá endurkastandi flötum, eða mæligildi við húshlið leiðrétt m.t.t. áhrifa frá endurkastandi flötum.

	Grunntafla: Nýskipulag	Frávik <sup>1)</sup>	
		I	II
<i>Innanhúss:</i>			
Íbúðarhúsnæði	30	40	30
Kennslu- og sjúkrastofur	30	35	30
Hávaðalitlir vinnustaðir	40	50	40
<i>Utan við glugga:</i>			
Íbúðarhúsnæði	55 (45)	65	70/55
Kennslu- og sjúkrastofur	55 (45)	60	70
<i>Útisvæði:</i>			
Útivistarsvæði í þéttbýli	55 (45)	65	
Sumarhúsabyggð	45 (40)	65	70

70/55 merkir að viðmiðunarkrafan um 55 dB(A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlegan glugga allt að 70 dB(A).

- <sup>1)</sup> Frávik: I Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.  
II Nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endurnýjun byggðar sem fyrir er.

## REGLUR

### um tilnefningu rektors við Kennaraháskóla Íslands.

#### 1. gr.

Með vísan til 14. greinar laga um háskóla nr. 136/1997 og 7. greinar laga um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997 samþykkir háskólaráð eftirfarandi um tilnefningu næsta rektors.

#### 2. gr.

Háskólaráð auglýsir lausa til umsóknar stöðu rektors með þriggja vikna umsóknarfresti. Umsóknir skulu berast rektor fyrir hönd háskólaráðs. Í auglýsingu skal taka fram um hæfniskröfur skv. ákvæðum 14. greinar laga um háskóla og um sérstakar áherslur sem háskólaráðið

vill leggja um starfið. Þar skal einnig tekið fram hvenær stefnt er að því að nýr rektor hefji störf.

## 3. gr.

Háskólaráð úrskurðar hvort umsækjendur uppfylla hæfniskröfur og tilkynnir hverjir hafa lagt fram gildar umsóknir.

## 4. gr.

Háskólaráð tilnefnir rektor m.a. að undangenginni könnun á menntun, stjórnunarreynslu og starfsferli umsækjenda og viðtölum við þá og að undangenginni skoðanakönnun meðal starfsmanna og nemenda.

## 5. gr.

Háskólaráð efnir til skoðanakönnunar meðal starfsmanna og nemenda um hvern umsækjenda þeir vilja sem rektor. Kjörnefnd Kennaraháskóla Íslands annast undirbúning og framkvæmd skoðanakönnunar. Rétt til þátttöku í könnuninni eiga:

- a. Próffessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar og aðrir starfsmenn sem ráðnir eru í fullt starf við Kennaraháskólann þar sem krafist er háskólaprófs.
- b. Starfsmenn aðrir en þeir sem tilgreindir eru í a-lið og gegna fullu starfi við skólann.
- c. Starfsmenn sem ráðnir eru í hlutastarf sem nemur a.m.k. 50%.
- d. Allir nemendur sem skrásettir eru í grunn- og framhaldsdeild skólans þegar kosning fer fram.

## 6. gr.

Kjörnefnd tryggir að umsækjendum gefist kostur á að kynna sig og stefnumál sín fyrir þeim sem rétt eiga til þátttöku í skoðanakönnuninni. Séu umsækjendur þrír eða fleiri skulu þátttakendur í skoðanakönnun velja þrjá og forgangsraða þeim. Atkvæðaseðill þar sem fleirum eða færri er greitt atkvæði en áskilið er telst ógildur. Á sama hátt skal greiða atkvæði séu umsækjendur tveir. Kjörnefnd lætur háskólaráði í té niðurstöður skoðanakönnunar hvers hóps um sig. Háskólaráð birtir í fundargerð nöfn þeirra þriggja sem flest atkvæði hljóta hjá hverjum hópi um sig án atkvæðatalna.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.*

**Þórir Ólafsson.**

*Ólafur Proppé.*

## REGLUR

### um inntöku nemenda í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands.

#### I. KAFLI

#### Um framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands.

##### 1. gr.

Meginmarkmið framhaldnáms við KHÍ er að gefa kennurum, þroskaþjálfum og öðrum uppeldisstéttum kost á að dýpka þekkingu sína, þjálfu hæfni til kennslu, stjórnunar, umönnunar, þróunar- og rannsóknarstarfa. Jafnframt er meginmarkmiðið að efla rannsóknir á íslensku menntakerfi, málefnum fatlaðra, uppeldisháttum og umönnun, stuðla að gagnrýnni hugsun, frumkvæði og forystu og styrkja þannig forsendur stefnumótunar og þróunar.